

FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR
HALDINN 02.10.2017 Á KIRKJUBÆJARSTOFU
Fundur nr. 151

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (D), Þorsteinn M. Kristinsson (D), Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z), Ragnheiður Hlín Símonardóttir (Ó) og Sverrir Gíslason (Ó).

Þorsteinn ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður alla velkomna.

Fræðslunefnd kl. 08:45.

1. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

Sameiginlegur fundur kl. 09:00 – 10:00.

Mættir auk nefndarmanna: Guðbrandur Magnússon (fyrir foreldra Kirkjubæjarskóla), Linda Agnarsdóttir (fulltrúi kennara Kirkjubæjarskóla), Einar Melax (skólastjóri Tónlistarskóla), Karítas Heiðbrá Harðardóttir (fulltrúi foreldra í Kærabæ), Kjartan Kjartansson (skólastjóri Kirkjubæjarskóla) og Guðrún Sigurðardóttir (skólastjóri Kærabæjar).

1. Málefni leikskólans.

25 börn í skólanum og 15 af þeim eru bleiubörn. Þrjú á biðlista. Nýr starfsmaður að byrja í dag, alls 6 starfsmenn í fullri vinnu, frá og með næstu viku. Starfsmaður í hlutastarfi við ræstingar.

2. Málefni grunnskólans.

Námskeið í leiðsagnarmati haldið í Kirkjubæjarskóla. Rúmlega 50 kennarar mættu af skólaþjónustusvæðinu. Kennararar skólans eru 8 talsins, þar af 5 í fullu starfi. Eitt stöðugildi stuðningsfulltrúa. Allir með leyfisbréf sem kennarar í fyrsta skipti í sögu skólans. Í skólanum eru 43 nemendur. Búið að ráða skólaritara við skólann. Heimilisfræðistofan er gott sem að verða tilbúin og til stendur að vígja hana formlega á Uppskeruhátíð Skaftárhrepps. Ljósleiðari kominn í bygginguna en eftir að tengja hann. Dansskóli að hefjast í næstu viku.

3. Málefni tónlistarskólans.

Í skólanum eru nú um 20 nemendur og af þeim eru 8 í fullu námi. Meirihlutinn kemur til kennslutíma á skólatíma Kirkjubæjarskóla. Fjárfest í píanói í vor og það komið á staðinn.

4. Önnur mál.

a) Menntastefna.

Stefnan var staðfest hjá sveitarstjórn í sumar. Fræðslunefnd fer þess á leit að skólastjórnendur að þeir kynni stefnuna fyrir foreldrum og starfsfólki. Jafnframt fer nefndin þess á leit við sveitarfélagið að menntastefnan verði aðgengileg á vef

sveitarfélagsins, sem og á vef leikskóla og grunnskóla. Kynna þarf stefnuna fyrir íbúum.

b) Læsisstefna.

Fræðslunefnd fer þess á leit við skólastjórnendur að drög að slíkri stefnu verði lögð fyrir fræðslunefnd, eigi síðar en á fyrsta fundi nefndarinnar á árinu 2018.

c) Framundan eru fundir með formönnum nefnda og sveitarstjórnar, í tengslum við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018. Formaður bendir fundarmönnum um að koma með ábendingar fyrir þann fund, ef þeir hafa. Formaður fræðslunefndar hefur nú þegar átt fund með stjórnendum stofnananna.

d) Sameiginlegur starfsdagur skólafánana var haldinn í fyrsta sinn 21. ágúst síðastliðinn.

Heilsuleikskólinn Kæríbær kl. 10:00 – 10:15.

1. Beiðni um aukið stöðugildi.

Guðrún fer þess á leit að aukið verði um eitt stöðugildi í viðbót. Um er að ræða í heldina 6 starfsmenn og ræstingu í hlutastarfi. Fræðslunefnd tekur undir beiðnina og leggur til að fenginn verði ráðgjöf frá leikskólaráðgjafa, til endurskipulagningar á skólastarfi með tilliti til fjölda nemenda, starfsfólks, húsnæðis og biðlista.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Kirkjubæjarskóli á Síðu kl. 10:15 – 10:30.

Linda Agnarsdóttir hefur yfirgefið fund og í stað hennar kemur varamaður hennar, Karítas Kristjánsdóttir, sem fulltrúi kennara Kirkjubæjarskóla.

1. Skólareglur – Samskipti kennara og nemenda vegna afmæla.

Fræðslunefnd fer þess á leið við skólastjórnanda að skerpt verði á reglum um aðkomu skóla að afmælum nemenda og að nemendur fari ekki á heimili kennara, nema með leyfi foreldra og skólastjóra.

2. Erindi frá foreldrafélagi Kirkjubæjarskóla.

Frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:05.

Fundargerð er tölvuskráð og er 2 blaðsíður (bls. 9 - 10).

Fundarritari: Þorsteinn M. Kristinsson.

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (sign)

Þorsteinn M. Kristinsson (sign)

Arndís Jóhanna Harðardóttir (sign)

Ragnheiður Símonardóttir (sign)

Sverrir Gíslason (sign)